# Bréf og skjöl fátækramála. 1847-1893

Aðfnr. 1016, örk 18

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Lagt fyrir fátækranefnd 28/5 1885
og skrifað í d. Joh. Ringsted
og verzlunarstj. Sig. Jónssyni
á Vestdalseyri.

22/5 - 85

Einsog yður, heiðraða bæarstjórn, mun vera kunnugt, féll voðalegt snjóflóð yfir Seyðisfjarðar kaupstað í vetr er leið, og flýðu þá allir úr húsum þeim er álitin voru í mestri hættu, en sem þó í þetta skipti sluppu hjá slisum og var ég einn af þessum mönnum. Nú með því ég þori ei framar að búa í húsi því er ég flýði úr, og sem ég að nafninu átti, þá hefi ég ráðið af að taka það niður og flytja það út á Vestdalseyri, hvar ég hefi fengið grunn og verður þetta mér svo tilfinnanlegur kostnaður að ég sé ekki að ég fái staðist hann. Fyrir því hefr mér komið til hugar að

Skj. 355/85

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

biðja, hina heiðruðu bæarstjórn, liðsinnis með fjárstyrk til endurreisnar húsi mínu því valla verð jeg léttari á fátr-unum ef eg ætti að flytjast héðan og geti ég ekki dregið fram lífið í mér og mínum hér, gjöri ég það valla fremr í Reykjavík. Einsog þér getið skilið er valla von að privatmenn eða kaupmenn trúi mér fyrir því fé, sem nægir til að reisa húsið á ný, og er mér því nauðugr einn kostr, að biðja bæarstjórn Reykjavíkr að lána mér til bráðabyrgða 250 Kr. Lán þetta hefi jeg hugsað mér að geta endurborgað á 5 árum og fá að hafa það leigulaust.

Eg þarf naumast að skýra frá því

að enginn efi er á því að ég eigi sveitfesti
í Reykjavík og hér hefi ég dvalið rúm
8 ár. Svar vanti jeg að fá með fyrstu
ferð sem fellur.

Seyðisfirði 7. d. maí 1885.

Jóhann Ringsteð.

Til
bæarstjórnarinnar í Reykjavík. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8/1

Eptirrit af þessu bréfi sent sýslum. í Eyjafj. sýslu 26/3.86

~~Eftir~~

Samkvæmt ósk yðar, herra bæjarfógeti, í heiðruðu bréfi frá igær, skal eg hérmeð skýra yður frá, að Steingrím Schewing Sveinbjarnarson hefi eg ekki fundið í sálnaregistri hér fyrri en 1875, þá 16 ára gamlan, og framvegis um næstu 5 ár til 1880, að því ári meðtöldu; árin 1881 og þar á eptir finnst hann eigi talinn hér. Hin fyrgreindu ár dvaldi hann hjá móður sinni prestsekkju Margrétu Narfadóttur, og ætla eg, að til hennar hafi hann komið vestan úr Stykkishólmi 16 ára, en farið frá henni 21 eða 22 ára uppá Akranes eða suður á Vatnsleysuströnd.

Reykjavík, 7. Janúar 1886

Hallgrímur Sveinsson

Til
bæjarfógetans í Reykjavík

Bfj 63/86

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27/1 86

22 ára

Jón Jónsson fæddr á Bjarnastöðum í Blöndu-
hlíð í Skagafirði af Jóni Péturssyni og
Rósu Jónasdóttur. Hann hafi verið á Bjarna-
stöðum í Akrahrepp 12 ár og á Holtsmúla
í Reynistaðahrepp 7 ~~ár~~ ár og ~~síðan~~ verið
þessi 3 ár hér í Reykjavík. Kona og 1 barn
á öðru árinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1) eigi hjá
2) ekki neitt betra – þ.e.
sagði við hann, ef hún
gæti eigi hagað sér betur
en verið hefði þá hefði
hann eigi búið fyrir hann
– nýr – en þennan mán.

3) sjálf verlaust sig –

4) ekkert samið um –
kaup – (hjá Sölu)

síðan – í dag
– síðan í sumar – ekkert
um kaup –

# Útskript
## úr lögregluþingbók Reykjavíkur

Ár 1886, hinn 8. febrúar var lögregluþing sett og haldið á skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík af hinum reglulega dómara E. Th. Jónassen með vottum Franz Siemsen og Þorkeli Þorlákssyni, og var þar þá tekið fyrir

Að grennslast eptir, hvar Ottó Helgi Guðlaugsson tómthúsmaður á Brautarholti hjer í bænum átti sveit.

Nefndur Helgi er þegið hefur hjer styrk úr fátækrasjóði, var mættur. Eptir að hafa verið áminntur um að segja satt, þá ber hann, að hann sje 30 ára að aldri, fæddur af foreldrum Guðlaugi Hallgrímssyni og Lilju Bjarnadóttur á Eyvindará í Grýtubakkahreppi í Þingeyjarsýslu, þaðan fluttust þau, þegar hann var á 3. ári að Þönglabakka og svo að Þverá í sama hreppi, en Ottó man eigi, hve lengi foreldrar hans dvöldu á hvorum þessara 2ja síðastnefndu staða, og á Þverá segir hann að faðir sinn hafi dáið. Frá Þverá fór Ottó Helgi að Eyri í sama hreppi til Björns Bjarnasonar og var þar 4 ár, svo

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til Jóhannes Bessasonar á Skarði í sama hreppi og var þar 1/2 ár, en fluttist um haustið 1876 þaðan suður í Borgarfjarðarsýslu að Hvítanesi í Skilmannahreppi og var þar vetrarlangt, en um vorið 1877 fluttist hann að Fiskilæk í Leirár- og Melahreppi í sömu sýslu og var þar 1 ár eða til vors 1878 að hann fluttist til Reykjavíkur, hvar hann síðan alltaf hefur verið. Uppl. jafnrjett bók.

Rjetti sagt eptir

E. Th. Jónassen

Franz Siemsen

Þ. Þorláksson

\# \# \#

Rjetta útskript staðfestir

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskript
úr
ávísunarbók Reykjavíkur kaupstaðar 1886

III. 1 b. 2 utanbæjar þurfamenn

Stefán Stefánsson á Mörkum.
(sveitlægur á Akureyri)

| | | |
|---|---|---|
| 18/1. 1 skp. af kolum | Kr. | 4,00 |
| s.d. ávísaðar | | 10,00 |
| 1/4. —"— | | 5,00 |
| Samtals | Kr. | 19,00 |

+ + +

Rétta útskript staðfestir.
Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskript

úr ávísanabók Reykjavíkurkaupstaðar 1886

III. 1. 6. 2.

Kristján Andrésson
(sveitlægur í Hraunhreppi í Mýrasýslu)

| | | |
|---|---|---|
| 21/12. | Ávísað hjá Hansen ——— | Kr. 6.00 |
| 7/1 87 | Ávísað — „ — ——— | 8,00 |

\# \# \#

Rjett útskript staðfestir
Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskript

úr

ávísunarbók Reykjavíkur kaupstaðar 1886.

III. 1.b.2. utanbæjar kurfamenn.

Sigurður Þorkelsson í Hábæ
(sveitl. í Gaulverjabæjar-hreppi)

| | | |
|---|---|---|
| 2/1. | ávísaðar | 6,00 |
| 18/1 | —"— | 6,00 |
| | Skuld frá f. á | 6.00 |
| | Alls Kr | 18.00 |

Rjetta útskript staðfestir

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Kjøbenhavns Magistrat.**

Kjøbenhavn, den 20 Januar 1886.

Skrivelser, denne Sag vedrørende, bedes velvilligst betegnede med
A. 1175/85

Kvittun send med bréfi dags. 19/3 86 [illegible]

mdt. 18/3 1886

I Anledning af Herr Byfogdens

Skrivelse af 28. November f. A. undlader Magistraten ikke herved tjenstligst

110,00 / at fremsende 110 Kroner 00 Øre, som udgjør Beløbet af Omkostningerne ~~ved~~ den Alm. 162, fyrarrat Kona Raunveig Sæbjö Forsörgelsa i Tiden fra 1. Februar til 31. December f. A.

For Pengenes Modtagelse udbedes Tilstaaelse meddelt.

[illegible] Knudsen

Roder.

Til

Byfogden i Reykjavik

[illegible] 172/86

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÍSLANDS SUÐURAMT OG VESTURAMT.

medt. 18/3 1886

Reykjavík 17. marz 1886.

Samkvæmt og jeg eptir bodi landshöfðingjans leidi athygli ydar, herra bæjarfógeti, að auglýsingu hans, dagsettri 12. þ.m., sem prentuð verður í 5. blaði Stjórnartíðindanna þ.á., um úthlutun á þeim helmingi, sem lagður er undir umráð sýslunefnda og bæjarstjórna af 20000 kr. styrk þeim, sem með fjárlaganna 10. gr. C 4 fyrir árið 1886 er ætlaður til eflingar búnaði, vil jeg þjónustusamlega skora á yður að hlutast um, að bæjarstjórnin í Reykjavík komi í tæka tíð fram með tillögur um, hversu verja skuli upphæð þeirri, sem kaupstaðnum þannig er úthlutað.

Magnús Stephensen
settur.

Til
Bæjarfógetans í Reykjavík.

Jf. 173/86

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með viðurkenni jeg, Magnús Oddsson
í Akurgerði, að jeg hef fengið að láni úr
fátækrasjóði Reykjavíkur 10-tíu-Krónur,
sem jeg lofa að endurborga á næstkomandi
vori. Fyrir þessu láni og hverri annari
hjálp er jeg kann að fá úr tjeðum fátækra-
sjóði veðset jeg með 1sta forgangsrjetti eign
mína 6½ h að nýju mati í jörðunni Þórisstöð-
um í Grímsneshreppi.

Til staðfestu undirskrifa jeg nafn mitt
í viðurvist 2ja vitundarvotta

Reykjavík 11. desember 1886

magnus Odds Son

Vitundarvottar
Ámundur Sveinsson
Björn Kristjánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifaður Hans Jónsson í Grjóta-
bæ gjöri hjer með kunnugt, að jeg veð-
set fátækrasjóði Reykjavíkur til tryggingar
fyrir endurborgun á styrk, sem jeg hef
þaðan fengið og framvegis kann að fá,
allar eignir mínar með fyrsta forgangs-
rjetti, að undanskildum vagni, sem
þegar er veðsettur með fyrsta veðrjetti,
og fátækrasjóður því að eins getur
fengið 2. veðrjett í.

Til staðfestu er nafn mitt og tveggja
vitundarvotta

Reykjavík 20. maí 1887.

Hans Jónsson

Vitundarvottar:
Ásmundur Sveinsson
Sveinn Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifuð viðurkenni að hafa ~~tekið~~ fengið til láns ~~hj~~ úr fátækrasjóði Reykjavíkur til að komast norður til átthaga minna 15 – fimmtán – krónur og lofa jeg sem fyrst að endurgjalda þær eptir af eignum þeim sem jeg á fyrir norðan, á Reykjum á Reykjaströnd.

p. t. Reykjavík 25. júlí 1886

Sigurveig Ósk Friðfinnsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirskrifaður gjöri hjer með kunnugt
að svo framt sem eg borga farbréf fyrir
Herra Magnús Einarsson og hans 3 börn
fra Reykjavik til Provo i Utah verður
hverki hann nje hans börn siðar send
sem Þurfamenn til Íslands

Staddur i Reykjavik d 25 júni 1886

Einar Erickson. fra Utah.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Listi

yfir þurfamenn, sem héðan þarf að flytja að vori komandi (1886)

| | | framfærsluhreppur: |
|---|---|---|
| 1. | Sigurðr Þorkelsson í Hala (og Sigríður Jónsdóttir Guðmundsdóttir) | Gaulverjabæjarhreppur |
| 2. | Stefán Arnbjörnsson | Landmannahreppur. |
| × 3. | Benjamín (Sæmundar) Magnússon | Eyjahreppur viðurk. 17/7 Hnappadalss. |
| 4. | (Innga ábyrgðarmann) Jón Bjarnason Grjóthús og kvennmaður hjá hon. (farinn) | ábyrgðarmaður Jóhannes Sigurðsson Leirár og Melahrepps. |
| 5. | Björn Runólfsson viðurk. | Norðurárdals —"— |
| 6. | Björn Jónsson | Vestmanneyja —"— farinn til Vest |
| 7. | kona Guðrún Ásmundsd. viðurk. | Andakýls —"— farinn t. Ameríku |
| 8. | Páll Kristjánsson (Jón Hannesson ábyrgist) | Hrunamanna —"— |
| 9. | Björg Þorvaldsdóttir | Breiðuvíkur —"— Kalla hann fyrir sem fyrst |
| 10. | Jónas Benediktsson á Grímsstaðaholti | Borgar —"— |
| | | Torfalækjar —"— |
| 11. | Þorgeir Baldvinsson með stúlku. farinn | Hofs-hreppur og viðurkenndur Rosmhvalaness — |
| 12. | Páll Guðmundsson í Hala | Vestur-Landeyja hr. |
| 13. | Guðrún Egilsdóttir barn | á Akranesi. |

| | |
|---|---|
| 14. Stef. Stefánsson Möðrum | á Akureyri *farinn* |
| 15. Guðm. Jónss. Sandagerði | Grindavíkur – hreppur |
| 16. Otto Helgi Guðlaugsson | Grýtubakka — " — |
| 17. Þorst. Pjetursson Garðaholti | Þverárhlíðar *dala við hann* — " — |
| 18. Jón Jónsson á Steinstöðum | Hofs – hreppr. *Akrahreppur* *viðurk. 10/6 86* |
| 19. ~~Ólafur~~ Halldórsson | Borgar — " — *viðurk* *farinn* |
| 20 Bjarni Þóroddsson | Biskupstungna — " — *viðurk* |
| 21. Sigurlaug Brynjulfsd. | Miðdala — " — |
| 22. Einar Jónss. bræðslumaðr og kvennmaðr hjá hon. | Þverárhlíðar – og Kjósar-hreppr. Ragnheiður Ólafsdóttir *Kjós* Lögregluþj. 13/2 86 |
| 23. Guðl. Þorsteinss. á Grund | Hrunamannahreppr. |
| 24. Halldóra Stefanía Guðmd. barn til móður sinnar í Barðastrandarsýslu | *farinn* |
| 26. Guðm. Arnason á Litlaseli | Garðahreppur |
| 26. Helgi Guðmundsson í Gard Selsholti | sami hreppr. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Nöfn þurfamannanna | framfærslu-hreppur |
|---|---|
| 27. Jón Jónss. í Steinsholti | Biskupstungna-hreppur |
| 28. Sigurður Pálsson | Hraunhreppur farinn? |
| 29. Jóhann Jónsson Fúlutjörn | Kjósar-hreppur dem fyrst? |
| 30. Asgrímur Gíslason | Alptaness —"— |
| 31. Guðrún Bergsdóttir | Miðdala farin —"— |
| 32. Tobías Tobíasson | á Akranesi viðurk 9/6 86 |
| 33. Rakel Magnúsdóttir gamalm. í Hlíðarhúsum | í Hraunum? dáin |
| 34. Einar Guðmundsson í Einarshúsum og Marcibil Árnadóttir bústýra hans. | veitt. í Hrunamannahr. og Alptaness-hr. |
| 35. Jónathan Jónsson í Brunnholti. | Kolbeinsstaðahreppur farinn |
| 36. Kristófer Bárðarson<br>ótrúga ábyrgðarm. | sami hreppur viðurk 17/1 |
| 37. Jón Erlindsson Grímsstöð. | Vatnsleysustrandarhr. |
| 38. Guðrún Guðmundsdóttir hjá Magn. Einarssyni | sami hreppur |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| 39. Pjetur Pálsson | verður fluttur |
| 40 Siggi Sigurðsson | Saurbæjarhr. í Dala sýslu<br>leyft að vera viðurkenndur 4/6 86 |

NB Guðmundur Bjarnason
Jón Jónsson

| | |
|---|---|
| Þórður Halldórsson | Biskupstungnahreppur |
| Guðl. Þorkelsson | Ytri-Hrunamannahreppur. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifaður Jón Hannesson prentari lofa hjer með að ábyrgjast að Páll Krist-jánsson í Garðhúsum þurfi enga hjálp að þiggja úr fátækrasjóði Reykjavíkur til næst-komandi fardaga hvorki fyrir sig nje fjöl-skyldu, og skuldbind jeg mig til að annast um, að hann líði engan bjargarskort eða fjöl-skylda hans á þessu tímabili.

Reykjavík 5. oktober 1886

Jón Hannesson.

Vitundarvottar

Björn Kristjánsson

Ámundur Sveinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur